

1864.

8. des.

88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um póstferð frá Höfða til Seyðisfjarðar.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 3. maím. þ. á. skýrt frá, að yður eptir því, sem ástatt er, hafi þótt nauðsyn til bera að skipa póststöðvar og bréfasöfnunarstað á bænum Höfða, og að þér hafið kvatt bóndann þar, Pál Ólafsson, til að vera póstaafgreiðslumann og falið honum á hendur fyrir tilhlýðilega borgun að senda til Seyðisfjarðar bréf og böggla, er koma með póstinum í hvert skipti, er hann kemur frá norðurlandi, en þar á móti hafi Smith sýslumaður tekizt á hendur að senda á sinn kostnað til póststöðva þessara þau bréf, sem senda á frá Seyðisfirði til norðurlands; hafið þér beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið látið borga Páli Ólafssyni af pósttekjunum 4 rd. fyrir hverja af þeim þrem ferðum, sem þegar hafa farnar verið samkvæmt ráðstöfun þessari, og stungið uppá að honum framvegis verði veittir 6 rd. á ári sem þóknun fyrir afgreiðslu póstsins og 4 rd. fyrir hverja aukaferð, er hann sendir til Seyðisfjarðar, og hafið þér getið þess, að hann hafi verið ófáanlegur til að takast þetta á hendur fyrir minni borgun.

Um þetta efni kunngjörir stjórnarráðið yður, að það, eptir því sem ástatt er, fellst í öllum greinum á uppástungur þær, er þér þannig hafið gjört.

8. des.

89. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um launaviðbót handa forstöðumanni prentsmiðjunnar m. m.

Þegar rannsaður var reikningur prentsmiðju Íslands fyrir árið 1861 höfðu verið gjörðar útásetningar um: að ekki hafi verið útvegað samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að Einari Þórðarsyni, forstöðumanni prentsmiðjunnar, hafði verið veitt föst launaviðbót, 100 rd. á ári, í stað þeirra 80 rd. á ári, sem hann

1864.

8. des.

hefir fengið sem launaviðbót til bráðabirgða síðan árið 1856, og um það, að honum árið 1861 höfðu verið veittir 30 rd. fyrir aukavinnu. Fyrir þessa sök hafði þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bréfi 5. marzm. þ. á. lagt það til, að það, sem eptir því, sem nú var frá skýrt, hefir gjört verið í þessu efni, megi við svo búið standa, og að leyft sé, að einnig megi framvegis veita Einari Þórðarsyni hæfilega metna og sanngjarna borgun fyrir aukavinnu, þegar hennar sé æskt hjá stiptsprentsmiðjunni og hún sé nauðsynleg eptir því, sem ástatt sé, svo hafði þér einnig beðið um, að því verði lýst yfir, hver þau gjöld stiptsprentsmiðjunnar séu, sem fá þurfi til samþykki stjórnarráðsins.

Eptir að skrifast hefir verið á um málefni þetta við reikningastjórnardeild konungsríkisins, skal yður hérmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það, að stjórnarráðið eptir málavöxtum leggur samþykki sitt á þá 100 ríkisdala launaviðbót á ári, sem veitt hefir verið Einari Þórðarsyni, forstöðumanni prentsmiðjunuar, og að í þetta skipti má við svo búið standa um þá 30 ríkisdala borgun, sem honum hefir veitt verið fyrir aukavinnu, en að eptirleiðis má enga þóknun veita úr sjóði prentsmiðjunnar, sem ekki er heimild fyrir í samningi þeim, er gjörður var við forstöðumanninn 6. d. ágústm. 1855 og stjórnarráðið hefir samþykkt, nema áður sé til þess fengið leyfi stjórnarráðsins.

90. Bréf dómsmálastjórnarinnar til hins setta amtmanns yfir vesturumdæminu, um fjárnám fyrir málskostnaði.

8. des.

Við rannsókn reiknings þess, er þér sem settur amtmáður höfðuð samið yfir gjöld og tekjur jafnaðarsjóðs vesturumdæmisins á Íslandi árið 1861, hafði verið gjörð útásetning um 57 rd. 24 sk., sem taldir höfðu verið fyrir fullt og allt með gjöldum í reikningnum, en upphæð þessi er kostnaður við sakamál höfðað gegn Gísla Jónssyni á Saurum; hafði ekki þótt nægilega sannað